

Bæjarráð Akranesskaupstaðar

Efni: Ósk um afnot (leigu) á Íþróttahúsinu við Vesturgötu.

Akranesi 4. ágúst 2015.

Í byrjun júní sendum við félagarnir í hljómsveitinni Dúmbó og Steina tölvupóst til allflestra Skagamanna í árgöngunum 1942-1952 (sjá fylgibréf) og svöruðum þar með áskorunum skólafélaga okkar um dansleik að gömlum og góðum sið. Viðbrögð við bréfinu hafa verið vægast sagt stórgóð og ljóst að mjög margir ætla að mæta, en það þýðir að Gamla Kaupfélagið sem við höfum tryggt okkur (áætlun A) verður alltof lítið ef það gengur eftir. Nú á eftir að reyna á þátttökuna en hún gæti orðið sex til sjö hundruð manns og það sem okkur þætti mjög leitt er að mikill fjöldi fengi ekki aðgöngumiða og að alltof þröngt yrði um þá sem kæmust inn í Gamla Kaupfélagið.

Dagsetningin á þessum viðburði þ. 7. nóvember, er eins og sjá má í fylgibréfinu, ákveðinn með tilliti til Vökudaga. Teljum við að vel fari á því að hinir mörgu brottfluttu sem ætla að sækja okkar viðburð gætu þá notað tækifærið og kíkt á fleiri menningarviðburði sem við vitum að verða í gangi á þessum tíma.

Við þurfum því áætlun B og höfum ákveðið með vitund og samþykki rekstraraðila Gamla Kaupfélagsins (en hann mun hafa veitingasölu á hendi) að óska eftir að fá afnot af Íþróttahúsinu við Vesturgötu fyrir þetta stóra árgangamót eins og fordæmi eru fyrir. Mikill kostnaður fylgir áætlun B og þess vegna er farið fram á, ef af verður, að leiga verði eins lág og nokkur kostur er því aðgöngumiðaverði verður stillt í hóf. Leigutími verði einn sólarhringur frá kl 12 á hádegi 7.nóv. til kl. 12 á hádegi 8. nóvember.

Eins og áður munum við að sjálfsögðu leita til Vina Hallarinnar um tækjaleigu og önnur tæknileg atriði. Endanleg ákvörðun um hvor áætlun A eða B verður valin getur legið fyrir eftir að sala aðgöngumiða hefur verið í gangi um skeið, í síðasta lagi um miðjan október.

Með fyrirfram þökk og von um jákvæða og skjóta afgreiðslu á þessu vandamáli Stóra árgangamótsins sem margir væntanlegir þátttakendur hafa áhyggur af.

Virðingarfyllst,

f. h. hljómsveitarinnar Dúmbó og Steini.



Svar b.t. Jón Trausti Hervarsson
Vallarbraut 10 300 Akranes
netfang vallarbraut@internet.is

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 3.11.	Mótt. af Gsö	Mótt. dags. 05 AUG. 2015
Ab.m. RA	Úrv.aðili St.A	Afrit. RA/St.A
Símtal	Tölvup.	Fax SAS.
Svarit.	Trún.mál	fskj.
Málsnr. One 1508026		

Kæru Skagafélagar, árgangar '42 '43 '44 '45 '46 '47 '48 '49 '50 '51 og 52.

Þegar við félagarnir í Dúmbó og Steina stóðum í tónleikahaldinu vegna 50 ára afmælisins, fengum við fjölda áskorana um að halda nú ærlegt ball á Skaganum fyrir krakkana sem byggðu upp vinsældir hljómsveitarinnar og sóttu af krafti böllin í þá daga. Það var rætt en gat ekki orðið þá af ýmsum orsökum. Við höfum síðan fengið margar áskoranir um að halda ball og höfum nú ákveðið „að láta bara vaða“ eins og segir í laginu og slá upp balli fyrir upptalda árganga og maka þeirra í Gamla Kaupfélaginu þ. 7. nóvember n.k. Ballið byrjar kl. 10 (22) að gömlum sið og við munum spila til kl. 2 með einhverjum smápásum og uppákomum. Húsið verður opnað kl. 20 og gefst þá tækifæri til að heilsast og ræða saman meðan talfært er áður en við byrjum að spila. Verð aðgöngumiða verður hóflegt svo ellilífeyrisþegar geti keypt sér bjór!

Þessi dagsetning er valin með hliðsjón af árlegum menningardögum á Akranesi, kallaðir Vökudagar. 7. nóvember er seinni laugardagurinn og er alveg tilvalið fyrir brottflutta að taka daginn snemma og kíkja á sýningar, markað, eða annað sem í boði er þessa daga. Þetta bréf verður sent öllum í þessum árgöngum sem eru með netfang, en við vitum að það eru ekki allir. Vinsamlegast látið því þetta berast til þeirra jafnaldra ykkar sem þið vitið til að hafa ekki netfang því ballið verður ekki auglýst opinberlega, það er eingöngu fyrir ykkur og ykkar maka. Annað bréf um ballið verður sent út fyrir mánaðarmót september/október með nánari upplýsingum og dagskrá Vökudaga 7.nóvember.

Gaman væri ef þið gætuð svarað þessu bréfi þeim jafnaldra ykkar sem áframsendir þetta bréf frá okkur í hljómsveitinni svo við getum lauslega áætlað þátttökuna. Vonandi sjáum við ykkur sem flest á þessu einstæða árgangamóti á Skaganum.

Akranesi 3. júní 2015.

Kveðja

Dúmbó og Steini.